

Haga 18.janúar 2026


Berist til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Undirritaður óskar eftir því að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi rétta sem tilheyra gamla Gnúpverjahrepp á þann hátt að hætt verði að reka sauðfé fram í Skaftholtsréttir og að réttað yrði á Búrfellstúni í Þjórsárdal.

Undirritaður óskar hér með eftir því að sveitarstjórn taki af skarið og taki ákvörðun um þetta fyrirkomulag enda ber henni samkvæmt fjallskilareglugerð, sjá: V. KAFLI Um réttir og réttarhöld, ábyrgð á lögréttum og eru eigendur þeirra.

Samkvæmt 12.gr. fjallskilasamþykktar er fjallkóngur ráðinn af sveitarstjórn og ber m.a. *ábyrgð á að skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rétta*. Þar af leiðandi er undirritaður að beina erindi sínu til sveitarstjórnar um að taka ákvörðun í samræmi við meðfylgjandi rökstuðning undirritaðs.

Virðingarfyllt



Guðmundur Árnason

Fjallkóngur Gnúpverja